

## AUGLÝSING

### (VII) um staðfestingu reglna sveitarfélags um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta 2005/2006, staðfestir ráðuneytið úthlutunarreglur Blönduóssbæjar, sbr. ákvæði 2. gr. Jafnframt eru felldar úr gildi þær úthlutunarreglur Blönduóssbæjar sem birtar voru í auglýsingu nr. 970, 11. nóvember 2005.

#### 2. gr.

Blönduóssbær mun skipta þeim 20 þorskígildislestum sem óráðstafað er af byggðakvóta sem kom í hlut sveitarfélagsins fiskveiðiárið 2005/2006 með eftirfarandi hætti:

1. Blönduóssbær mun auglýsa eftir aðilum til að veiða og verður kvótanum úthlutað til jafns milli þeirra báta sem sækja um og uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - a. Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir voru í sveitarfélaginu eigi síðar en 15. júní 2006, hafa stundað veiðar á árinu 2006 og landað í sinni heimahöfn, Blönduósi.
  - b. Vinnsla aflans fari fram í sveitarfélaginu. Gera skal samning við fiskvinnslustöð á Blönduósi um vinnslu aflans. Skal samningi þeim fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans þegar sótt er um úthlutun.
  - c. Eigi síðar en 1. september 2006 skal skila greinargerð um veiðar og vinnslu yfirstandandi fiskveiðiárs.
2. Aflaheimild er ekki framseljanleg milli báta og þurfa hlutaðeigendur að afsala sér aflaheimildum geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda. Heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutaðum aflaheimildum.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júlí 2006.*

F. h. r.

**Árni Múli Jónasson.**

---

*Dórður Eyþórsson.*